

Við gerð frumvarpsins var haft samráð við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og tollstjóra um ákvæði sem varða framkvæmd þeirra ríkisaðila. Þá var frumvarpið kynnt á vettvangi ráðuneytisstjóra og almenningi í opinni samráðsgátt ráðuneytanna 28. mars til 13. apríl. Þrjár umsagnir bárust í samráðsgáttina og tvær bárust ráðuneytinu í tölvupósti. Um er að ræða umsagnir frá Deloitte, KPMG, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar og Viðskiptaráði Íslands. Ráðuneytið hefur brugðist við mörgum athugasemdum í frumvarpinu sem var samþykkt á Alþingi sem lög nr. 77/2018 þann 11. júní 2018. Upplýsingar um þinglega meðferð málsins má finna á heimasíðu Alþingis, þ.e. 148. löggjafarþingi 2017-2018, þingskjal 884 – 561. mál.